

**REGLUGERÐ**

152

1. ágúst

um breyting á reglugerð nr. 133/1950, um stóreignaskatt  
samkvæmt 12. gr. laga nr. 22/1950.

**1. gr.**

21. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Skattstjórinn í Reykjavík úrskurðar kærur út af álagningu stóreignaskatts, og má áfrýja úrskurði hans til ríkisskattaneftndar Íslands.

Skattstjóri skal hafa lokið að úrskurða kærur í Reykjavík í síðasta lagi 15. apríl 1951 og 15. maí annars staðar á landinu.

Kærufrestur til ríkisskattaneftndar er í Reykjavík til 15. maí 1951 og til 15. júní annars staðar á landinu. Skal hún hafa lokið kærur úrskurðum í síðasta lagi 15. október 1951.

Einnig getur skattgreiðandi og fjármálaráðherra, hvor um sig, áfrýjað úrskurði ríkisskattaneftndar til dómstóla, enda hafi úrskurði verið áfrýjað í síðasta lagi 1. desember 1951.

**2. gr.**

Í stað tímaákvörðunarinnar „30. júní 1951“ í 1. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar komi: 1. nóvember 1951.

**3. gr.**

Með reglugerð þessari, sem öðlast þegar gildi, er felld úr gildi reglugerð nr. 46 15. apríl 1951.

*Fjármálaráðuneytið, 1. ágúst 1951.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Kjartan Ragnars.*

**AUGLÝSING**

153

8. ágúst

um leiðréttingar og viðauka við reglur um lyfjagreiðslur sjúkrasamlaga.

Samkvæmt 3. tölulið 21. gr. laga nr. 51/1951, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar og viðauka við þau, hafa verið gefnar út leiðréttingar og viðauki við reglur, sem um getur í auglýsingu nr. 41 31. marz 1951, um lyfjagreiðslur sjúkrasamlaga, til þess að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 8. ágúst 1951.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*